

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954  
um sölu og veitingar áfengis.

### 1. gr.

1. málsg. 8. gr., sbr. reglugerð nr. 298 26. júlí 1976, orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 50% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum og hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 80% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júní 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*